

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Lundur og tenging Hafnarfjarðarvegjar, Skeljabrekku og Nýbýlavegjar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 9. apríl 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- a. Lundur, u.þ.b. 10 ha óbyggt svæði og verslunar- og þjónustusvæði breytist í íbúðarsvæði, fyrir allt að 400 íbúðir. Svæðið afmarkast af lögsögumörkum Reykjavíkur og Kópavogs til norðurs, íbúðarsvæði við Birkigrund til austurs, Nýbýlavegi til suðurs og Hafnarfjarðarvegi til vesturs.
- b. Tenging Hafnarfjarðarvegjar og Nýbýlavegjar breytist þannig að í stað slaufu norðan Nýbýlavegjar sem tengist Nýbýlavegi milli Skeljabrekku og Auðbrekku er gert ráð fyrir rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Gert er ráð fyrir „nýrri Skeljabrekku“ á stuttum kafla austan þeirrar sem nú er og mun hún tengjast Dalbrekku.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*